



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

Lögð fram á ársþingi 30.-31.. maí 2014





Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013



Skýrsla 2013

1. Ávarp formanns.....	8
2. Skýrsla stjórnar	9
3. Fimleikafólk ársins 2013.....	10
4. Helstu afrek fimleikafólks 2013.....	10
5. Innlend og erlend mót, fundir og sýningar	12
6. Skýrsla fræðslunefndar	14
7. Skýrsla nefndar um fimleika fyrir alla	17
7.1 Skýrsla Hlífur Þorgeirsdóttir UEG-TC-GfA	20
9. Skýrsla tækninefndar kvenna í áhaldafimleikum.....	22
10. Skýrsla tækninefndar karla í áhaldafimleikum.....	28
Starfsskipan innan nefndarinnar:.....	28
Almenn störf nefndarinnar:	28
Dómaramál:	28
Skipulagning móta:.....	29
Verkefni:.....	29
Íslenski fimleikastiginn	29
NM-youth 5.maí 2013 Svíþjóð	29
NM-junior 24. – 26.maí 2013 Noregur.....	29
Smáþjóðaleikarnir 27.maí– 1.júní 2013 Luxemburg	29
HM senior 25.sept – 7.okt Belgía	29
Norður-Evrópumót nóv 22. – 24.nóv Norður Írland	30
NM senior og junior apríl 2014 Svíþjóð	30
NM-youth 10. – 11.maí 2014 Ísland.....	30
EM senior og junior 17. – 26.maí 2014 Búlgaría	30
Önnur verkefni	30
Þakkir:	30



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

11.	Skýrsla tækninefndar í hópfimleikum	30
12.	Yfirlit – ýmsar upplýsingar	34
12.1	Heiðursviðurkenningar	34
12.2	Íslandsmeistarar í áhaldafimleikum	40
12.3	Íslandsmeistarar í hópfimleikum	41
12.4	Formenn FSÍ	42
12.5	Fimleikamenn ársins	42
12.6	Landsliðskeppendur FSÍ í áhaldafimleikum 2013	44
13.	Ársreikningur 2013	47



1. Ávarp formanns

Kæru fimleikamenn og konur

Framundan er fimleikaþing, á þeim tímamótum er eðlilegt að staldra við og velta fyrir sér sigrum sem unnist hafa á undanföllum árum. Segja má að tveir draumar hafi búið með okkur og það er núna fyrst, sem við þorum að orða þá upphátt, og setja þá fram sem markmið. Annars vegar sá draumur að eiga keppenda/keppendur á Ólympíuleikum og hins vegar að hóp fimleikar verði að FIG keppnisgrein.

Til að raungera drauma þarf að vinna þeim fylgismenn, setja sér markmið og gera áætlun. TOKYO 2020 er verkefni sem farið er af stað og á sér rætur í þeim draumi að eiga keppendur á Ólympíuleikum. Evrópumeistaramótið í hóp fimleikum 2014 hér á landi og framboð okkar til tækninefndar UEG í Team Gym á sér rætur í þeim draumi að gera hóp fimleika að FIG grein.

Nú er að fylgja hjartanu eftir og finna þessum tveimur verkefnum farveg samhliða. Ég veit að það er hægt með samstilltu átaki og þeirri mikilvægu staðreynd að verkefnin eru ekki andstæðir pólar heldur tvær hliðar á sama peningnum.

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir
Formaður



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

2. Skýrsla stjórnar

Stjórn FSÍ og starfsfólk

Á ársþingi 2013 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn:

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir Formaður.

Aðrir stjórnarmenn eru Arnar Ólafsson, Einar Ólafsson, Guðrún Harðarsdóttir og Jósep Húnfjörð.

Starfsfólk skrifstofu: Helgi Jóhannesson framkvæmdastjóri, Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála og Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslu- og mótamála FSÍ.

Stjórn hélt reglulega fundi á árinu auk þess að hittast í smærri hópum við vinnu að einstökum málefnum. Auk stjórnarmanna, sátu fulltrúar eftirfarandi nefnda sem áheyrnafulltrúar með fullt málfrelsi og tillögurétt, fulltrúi tækninefndar kvenna, fulltrúi tækninefndar karla, fulltrúi tækninefndar hópfimleika, fulltrúi laganefndar, fulltrúi fræðslunefndar og fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla.

Starfsemi fimleikasambandsins jókst mikið á árinu með ráðningu Írisar Svavarsdóttur í starf fræðslufulltrúa FSÍ. Fyrir á skrifstofunni var Helgi Jóhannesson framkvæmdastjóri og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála. Starf sviðsstjóra landsliðsmála þótti okkur í stjórn takast vel og er enn verið að þróa það starf í góðu samstarfi við alla hlutaðeigandi aðila.

Undirbúningur við að fá EM í hópfimleikum var í fullum gangi og stofnuð var LOC nefnd og sér hlutafélag um það mót.

Nefndir starfandi á árinu

Á síðasta þingi voru gerðar lagabreytingar sem miðuðu að því að færa nefndir

Eftirfarandi nefndir hafa verið starfandi á árinu 2013

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV)

Formaður kosin á þingi, Halla Karí Hjaltested. Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd kvenna á síðasta starfsári; Hlín Bjarnadóttir, varaformaður Auður Ólafsdóttir, ritari, Florin Paun, meðstjórnandi, Hildur Ketilsdóttir, meðstjórnandi, Nicoleta Cristina Branzai, meðstjórnandi, Sandra Matthíasdóttir, meðstjórnandi, Tinna Rut Traustadóttir, meðstjórnandi.

Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK)

Formaður kosinn á þingi, Sigurður Hrafn Pétursson. Aðrir nefndarmenn eru Axel Bragason, meðlimur í Fræðslunefnd á vegum TK, Axel Ólafur Þórhannesson, meðstjórnandi, Björn Magnús Tómasson, meðlimur í Dómaranefnd á vegum TK, Guðjón Guðmundsson, meðstjórnandi. Magnús Heimir Jónasson, ritari, Pröstur Hrafnsson, meðlimur í Mótanefnd á vegum TK.

Tækninefnd í hópfimleikum (TFH)

Formaður kosinn á þingi, Íris Svavarsdóttir

Aðrir nefndarmenn Auður Inga Þorsteinsdóttir, Niclaes Jerkeholt, Olga Bjarnadóttir, Stefán Pálsson og Zoltan Demeny.



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

Fimleikar fyrir alla (FFA)

Formaður kosinn á þingi, Hlíf Þorgeirsdóttir

Aðrir nefndarmenn; Sæunn Viggósdóttir, Helga Bára Bartels Jónsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir

Fræðslunefnd

Formaður; Guðmundur Þór Brynjólfsson

Aðrir nefndarmenn; Bjarni Gíslason, Olah Istvan, Sesselja Järvela og Þröstur Hrafnsson.

Laganefnd

Formaður, Jón Finnbogason

Aðrir nefndarmenn, Hjalti Geir Erlendsson og Þóra Margrét Hjaltested.

Markaðs- og fjáröflunarnefnd

Formaður, Einar Ólafsson

Aðrir nefndarmenn, Arnar Ólafsson, Óðinn Svan, Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir og Sólveig Arnardóttir.

3. Fimleikafólk ársins 2013

Fimleikafólk ársins eru Dominiqua Alma Belanyi og Ólafur Garðar Gunnarsson eins og fram hefur komið áður. Dominiqua átti frábært ár í fyrra þar sem hún skaraði fram úr í keppni á alþjóðlegum mótum með íslenska landsliðinu og Gróttu, náði bestum árangri keppenda í fjölþraut og vann til margra verðlauna sem er frábær frammistaða í áhaldafimleikum, s.s. fimm verðlauna á Smáþjóðaleikunum. Ólafur sigraði fjölþraut á Íslandsmóti 2013, hann varð einnig Íslandsmeistari á hringjum, stökki og svifrá. Ólafur var í sigurliði Gerplu á bikarmóti FSÍ. Ólafur fór með landsliði Íslands á Smáþjóðaleikana í Lúxemborg og stóð sig mjög vel, þar sem liðið vann til bronsverðlauna. Auk þess lenti Ólafur í 4.sæti í fjölþraut ásamt því að vera í úrslit á öllum áhöldum nema stökki, Ólafur vann svo til bronsverðlauna á bogahesti.

Afreksbikar veittur fyrir það afrek sem stjórn FSÍ telur hafa staðið upp úr á árinu og að þessu sinni hlýtur Dominiqua Alma Belanyi afreksbikarinn fyrir afrek sitt á Evrópumóti í Moskvu, þar sem Dominique endaði í 35.sæti í fjölþraut kvenna, sem er einn besti árangur íslenskrar konu á Evrópumóti.

Fimleikamaður ársins 2013: Ólafur Garðar Gunnarsson, Gerplu

Fimleikakona ársins 2013: Dominiqua Alma Belanyi, Gróttu

Afreksbikar 2013: Dominiqua Alma Belanyi, Gróttu

4. Helstu afrek fimleikafólks 2013

Hér má sjá yfirlit yfir helstu afrek fimleikafólks á árinu 2013 ásamt árangri landsliða okkar.

Uppskeruhátíð Fimleikasambandsins var haldið þriðjudaginn 7.janúar, í höfuðstöðum TM, aðalstyrktaraðila Afrekssjóðs Fimleikasambandsins. Ýmsar viðurkenningar voru veittar fyrir afrek



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

ársins, afreks- og starfsmerki voru veitt auk þess sem veitt var í fyrsta sinn úr Afrekssjóði Fimleikasambandsins.

Samvinna og liðsheild eru tvær megin stoðir sem myndgerast í hugum okkar þegar við horfum á íþróttalið takast á við stór verkefni. Sigrar okkar grundvallast á þessum tveimur stoðum, og vill því FSÍ leggja áherslu á mikilvægi liðsheildar með því að afhenda nýjan farandbikar, sem afhentur verður árlega liði ársins. Að þessu sinni hlaut meistaraflokkur Gerplu í hóp fimleikum þessa viðurkenningu. Gerpla varð norðurlandameistari í hóp fimleikum nú í nóvember og var það í fyrsta skiptið í 20 ár sem kvennaliði tekst að verja norðurlandatitil.

Viðurkenningu fjölmiðla fyrir árið 2013 hlaut Íþróttadeild RÚV sem hefur lagt sig fram um það að auka þekkingu sína á fimleikum og færa hana heima í stofu til almennings. Íþróttdeild RÚV hefur á árinu 2013 staðið vaktina og flutt fréttir af árangri okkar fólks, sýnt beint frá fimleikaviðburðum, innlendum sem erlendum og hófu á árinu að sýna beint frá fimleikaeinvígi sem er nýtt mót á mótaskrá sambandsins sem er unnið í samstarfi við RÚV.

Afreksmerki Fimleikasambandsins voru veitt nokkrum einstaklingum fyrir afrek þeirra á erlendri grundu, Íslenska kvennalandsliðið í áhaldafimleikum gerði sér lítið fyrir og vann til gullverðlauna í liðakeppni á Smáþjóðaleikunum, sem fram fóru í Luxembourg í júní. Í liðinu voru; Dominiqua Alma Belany, Hildur Ólafsdóttir, Jóhanna Rakel Jónasdóttir, Norma Dögg Róbertsdóttir og Thelma Rut Hermannsdóttir. Landsliðsþjálfarar eru Guðmundur Þór Brynjólfsson, Sandra Dögg Árnadóttir auk þess sem Gabor Kiss var þjálfari í þessari ferð. Ekki bara að konurnar hafi unnið gull í liðakeppni heldur kom liðið með 10 verðlaun af mótinu. Domino vann til gullverðlauna í fjölþraut, tvíslá og á gólfi, auk þess að fá brons á jafnvægisslá. Norma Dögg vann til gullverðlauna í stökki og brons á jafnvægisslá. Thelma Rut vann brons í fjölþraut og á tvíslá, auk þess sem Hildur vann til bronsverðlauna í stökki.

Viktor Kristmannsson hlaut afreksmerki FSÍ fyrir að vinna Íslandsmeistaratitilinn og bikarmeistaratitilinn í fjölþraut karla oftast allra í sögu sambandsins. Þessi mesti afrekismaður fimleikanna æfði hjá Íþróttafélaginu Gerplu í 23 ár en nú eru tvö ár frá því að hann lagði bolinn á hilluna. Á sínum glæsta ferli varð Viktor Íslandsmeistari í fjölþraut alls 10 sinnum og 9 sinnum í röð og var því óskoraður meistari í áratug.

Starfsmerki voru veitt einstaklingum sem starfað hafa innan fimleikahreyfingarinnar til fjölda ára. Án sjálfboðaliða er ekki hægt að vinna þetta góða starf sem á sér stað úti í fimleikahreyfingunni. Þau sem hlutu starfsmerki í ár voru Gunnar Richardsson, Anna G. Lárusdóttir, Erna Sigurðardóttir, Eva Magnúsdóttir, Jóhannes Niels Sigurðsson, Hrafnhildur María Gunnarsdóttir, Auður Ólafsdóttir, Halla Karí Hjaltasted, Hildur Ketilsdóttir og Dýri Kristjánsson.

Að auki voru þau sem hafa unnið til verðlauna á erlendum mótum kölluð upp og gefin rós fyrir afrek sín, karlalandsliðið á Smáþjóðaleikunum vann brons í liðakeppni, í liðinu voru Ólafur Garðar Gunnarsson, Pálmi Steindórsson, Valgarð Reinhardsson, Jón Sigurður Gunnarsson og Róbert Kristmannsson. Auk þess vann Ólafur brons á bogahesti á Smáþjóðaleikum og Róbert vann brons á gólfi á sama móti. Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir vann brons á gólfi á NM unglunga og Egill Gunnar Kristjánsson, gull í stökki á NM undir 14 ára.



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

Jón Finnbogason var sæmdur Gullmerki Fimleikasambandsins fyrir áralangt starf í þágu fimleika, en Jón var formaður Gerplu frá árinu 2006 til síðasta hausts, en þar á undan sat hann í stjórn Gerplu í tvö ár. Hann kom því samfelldt í 10 ár að stjórnun félagsins en fyrir þann tíma sat hann í stjórn Fimleikasambands Íslands.

Að lokum var Margrét Bjarnadóttir gerð að Heiðursfélaga Fimleikasambandsins fyrir störf innan hreyfingarinnar. Margrét var stofnandi fimleikafélagsins Gerplu og er ein af þeim sem komu félaginu til manns. Margrét hefur starfað náið með fleiri félögum eins og Glóð í Kópavogi. Íþróttafélagið Glóð í Kópavogi var stofnuð 2004 af hópi áhugafólks um heilbrigða lífshætti. Kjörorð félagsins eru: Hreyfing, fæðuval, heilsa. Og auk langrar stjórnarsetu í Gerplu, þar sem hún meðal annars formennsku, hefur Margrét setið í stjórn og/eða nefndum margra annarra samtaka, svo sem Fimleikasambandi Íslands þar sem hún sinnti formennsku í 6 ár, Ólympíunefnd Íslands, UMSK, Glóð ofl.

Í lokin var svo veitt í fyrsta sinn úr Afrekssjóði Fimleikasambandsins, en markmið sjóðsins er að styðja við bakið á okkar frábæra landsliðsfólki sem er að keppa á erlendri grundu. Í fyrstu úthlutun var ákveðið að styrkja 7 einstaklinga sem eru Agnes Suto, Dominiqua Alma Belanyi, Jón Sigurður Gunnarsson, Norma Dögg Róbertsdóttir, Ólafur Garðar Gunnarsson, Thelma Rut Hermannsdóttir og Valgarð Reinhardsson. Það er TM sem er aðalstuðningsaðili og bakhjarl að Afrekssjóði Fimleikasambandsins og færum við TM kærir þakkir fyrir stuðning sinn.

5. Innlend og erlend mót, fundir og sýningar

Reykjavík International Games (RIG)

19. og 20. janúar í Laugardalshöll í umsjón Ármanns.

Fjöldi keppenda 127.

Þrepamót í 3. þrepi kvenna

25. janúar í umsjón Fylkis.

Fjöldi keppenda 51

Þrepamót í 1-2. þrepi KVK og KK

26. janúar í umsjón Bjarkanna.

Fjöldi keppenda 63

Þrepamót 3-5. þrepi KK og 4-5. þrepi KVK

2. – 3. Febrúar í Versölum í umsjón Gerplu

Fjöldi keppenda 373

Bikarmót 1-3. þrep



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

16. febrúar, í umsjón Bjarkanna.

Fjöldi keppenda 129

Bikarmót 4-5. þrep

2. – 3. mars í Laugarbóli í umsjón Ármanns.

Fjöldi keppenda 277.

Unglingamót í hópfimleikum

1.- 3. Mars í Ásgarði í umsjón Stjörnunnar

Fjöldi keppenda 594

Íslandsmót í Áhaldafimleikum

9. – 10. Mars í Versölum í umsjón Gerplu.

Fjöldi keppenda 45.

Íslandsmót í þrepum

15 – 16. mars í Laugabóli í umsjón Ármanns.

Fjöldi keppenda 229.

Undanfari Íslandsmóts í hópfimleikum

17. mars í Ásgarði í umsjón Stjörnunnar.

Fjöldi keppenda 122

Mílanó meistaramót (tvískipt)

6. apríl í Hafnarfirði og Ásgarði í umsjón Bjarkanna og Stjörnunnar.

Fjöldi keppenda 91

Bikarmót í Almennum fimleikum

19. – 20. apríl í umsjón Fimleikadeildar Keflavíkur

Fjöldi keppenda 198.

Íslandsmót í hópfimleikum

12. og 13. apríl í Versölum í umsjón Gerplu.

Fjöldi keppenda 122.

Fimleikalíf



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

1. maí í umsjón Fjölnis
Fjöldi keppenda 122

Vormót í hópfimleikum

10. - 12. maí í umsjón fimleikadeildar Selfoss.
Fjöldi keppenda 746.

Fyrirtækjamót í frjálsum æfingum kvenna og karla

Fellt niður

Haustmót í áhaldafimleikum, 1. og 2. þrepi kvk og kk

8.- 9. nóvember í fimleikahúsi FIMAK við Giljaskóla í þeirra umsjón.
Fjöldi keppenda 84.

Haustmót í 5. – 3. þrepi

17. – 18. nóvember í fimleikahúsi FIMAK við Giljaskóla í þeirra umsjón.
Fjöldi keppenda 308.

Haustmót í hópfimleikum

16. nóvember í í Versölum í umsjón Gerplu.
Fjöldi keppenda 425.

Bikarmót í Stökkfimi

23. – 24. nóvember í íþróttahúsinu v/Vesturgötu á Akranesi í umsjón Fima.
Fjöldi keppenda 341.

6. Skýrsla fræðslunefndar

Starf fræðslunefndar var hefðbundið þetta tímabilið. Í ágúst var send út dagskrá tímabilsins til aðildarfélaga FSÍ og hún einnig gerð aðgengileg á heimasíðu sambandsins. Sú breyting var á starfi nefndarinnar að ráðinn var starfsmaður á skrifstofu sambandsins Sviðstjóri fræðslu og mótamála. Sinnir hún líkt og fyrri starfsmenn skráningu og utanumhaldi á námskeiðum pantar húsnæði og rukkar inn þátttökugjöld. Gekk samvinna vel en í framtíðinni þarf enn frekar að ákvarða hvert sé hlutverk nefndarinnar og hvert starfsmannsins. Mun komandi nefnd í samvinnu við skrifstofu halda þeirri vinnu áfram.

Það var gleðiefni að námskeið voru haldin í bæði í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði og Keflavík. Sem fyrr eru Vestfirðir og Vesturland utan Akraness óþlæggður akur fimleikamanna. Er það spennandi verkefni fyrir framtíðina og ótal tækifæri á þeim svæðum.



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

Námskeið á tímabilinu

Námskeið	Staðsetning	Fjöldi
1A	Reykjavík	72
1A	Egilsstaðir	12
1B	Akureyri	24
1C	Reykjavík /Keflavík	53
Móttaka 1	Reykjavík	46
Móttaka 2	Reykjavík	44
Móttaka 1	Egilsstaðir	12
Toppþjálfaranámskeið Choreography	Reykjavík	28
Móttaka 1	Höfn	5
		306

Sérnámskeið

Námskeið	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda/námskeið
Toppþjálfaranámskeið WAG	1	28
Power tumbling	1	20

Fjöldi mætinga á námskeið á tímabilinu 354 talsins. Nefndin vill þakka þeim kennurum sem komu að kennslu kærlega fyrir sín störf í þágu fimleika á Íslandi.

Í september var námskeið í kóreografíu fyrir þjálfara í áhaldafimleikum með áherslu á lengri komna iðkendur. Var það Carol Ann-Orchard frá Englandi/Kanada sem hélt námskeiðið. Hún er vinsæll og virtur fyrirlesari og kennari og því urðu þeir tæplega 30 þjálfarar sem fóru á námskeiðið ekki fyrir vonbrigðum. Var hún mjög ánægð með dvöl sína á landinu og hefur lýst yfir áhuga á að koma aftur og munum við vonandi getað þekkt boð hennar en hún er mjög umsetin og starfar meðal annars fyrir landsliði Þýskalands í kvennaflokki og Bretlands í karlaflokki.

Í desember kom Gerrit Beltman til landsins og hélt hann æfingabúðir fyrir ungar upprennandi fimleikakonur úr flestum félögum sem bjóða upp á áhaldafimleika kvenna. Var áhugasömum þjálfurum boðið að koma og fylgjast með starfi hans í salnum og taka þátt í þjálfun. Voru nokkrir sem þekktust það boð en tíminn var ekki góður fyrir marga um jól og fyrirvarinn var stuttur. Á næstu mánuðum mun Gerrit koma aftur til landsins og mun fræðslunefnd reyna að nýta sér þekkingu hans áfram.

Á haustmánuðum var haldið frítt námskeið þar sem landsliðsþjálfari Dana í Daniel Bay Jensen Power tumbling hélt stutt námskeið sem mæltist vel fyrir.

Í nágrananlöndunum hafa stutt námskeið sem þetta þar sem fjallað er um ákveðið afmarkað efni orðið vinsæl á undanfórnum árum. Þar er oft tvinnnað saman verkleg og bókleg fræðsla. Þar eru tækifæri fyrir endurmenntun þjálfara og gaman að koma með nýjungar. Þá er komið á móts við þjálfara sem oft eru bundnir flestar helgar ársins við æfingar, sýningar og keppni og hafa ef til vill ekki tíma til að nýta heila helgi í námskeið en eru tilbúnir að nota hálfa helgi til að uppfæra þekkingu sína.



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

Í ár var farið af stað með móttökunámskeið í hópfimleikum þar sem farið var yfir móttökutækni þjálfara bæði á dýnu og trampólíni. Um var að ræða stutt námskeið sem líkt og hefur tíðskast erlendis. En tvinnuð var saman verkleg og bókleg kennsla. Námskeiðin slógu í gegn og verða þau aftur á dagskrá fræðslunefndar á næsta ári.

Á undaförnum árum hefur nefndin unnið að endurbótum og uppfærslu á kennsluefni sínu. Miðað við þá miklu fjölgun í greininni þarf að endurskoða námsefnið að hluta. Starf nefndarinnar hefur nokkuð miðast við að kenna nýjum og óreyndum þjálfurum á námskeiði 1A. Er það nauðsynlegt að sjálfsögðu en nú þarf að þetta fræðslu fyrir hinn stóra hóp þjálfara sem sinna þjálfun á grunn og millistigi en þar eru flestir iðkendur og mikilvægt að kennsla á því stigi sé eins og góð og nokkur kostur er. Því eru hugmyndir nefndarinnar nú að nýta betur námskeið á stigi 2 þannig að hægt sé að fara nákvæmar í þær fimleikaæfingar sem teknar hafa verið fyrir á námskeiðum 1C og 2A. Þá mætti færa toppþjálfaranámskeið upp á stig 3. Gæti þetta verið liður í að auka gæði í fimleikakennslu á grunn og miðstigi.

Fræðslunefnd hefur einnig unnið í að auka val í verklegum hlutum á námskeiðum 1B, 1C og 2A þannig að sem flestir fái nákvæma og góða kennslu á sínum áhugasviðum. Þó eru alltaf einhverjir sem áhuga hafa á að taka bæði áhaldafimleikalínu og hópfimleikalínu. Er það mjög gleðilegt. Þeim nemendum hefur verið boðið að koma næst á námskeiðið sér að kostnaðarlausu.

Fjöldi námskeiða og þátttaka á þjálfaranámskeiðum í sérgreinahluta FSÍ frá 1999 út janúar 2013

Námskeið	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda/námskeið
Sérgreinahluti 1A	31	792
Sérgreinahluti 1B	11 +1	325
Sérgreinahluti 1C	12 +1	369
Sérgreinahluti 2A	5	107
Sérgreinahluti 2B	1	29
Sérgreinahluti 2C	2	38

Sem fyrr hafa fjölmargir komið að kennslu á námskeiðum nefndarinnar og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Hefur það ávallt verið stefna nefndarinnar að nota þjálfara í fremstu röð sem lokið hafa menntum í þjálffræðum eða kennslufræðum helst á háskólastigi.

Þeir sem kenndu á námskeiðum á tímabilinu 2013 - 2014 voru þau:

Auður Vala Gunnarsdóttir	Karen Sif Viktorsdóttir
Ása Inga Þorsteinsdóttir	Kenneth Christiansen
Bjarni Gíslason	Kristinn Guðlaugsson
Guðmundur Þór Brynjólfsson	Niclaes Jerkeholt
Henrik Pilgaard	Sandra Dögg Árnadóttir
Hildur Ketilsdóttir	Sesselja Jarvela
Hlín Bjarnadóttir	Steinunn Ketilsdóttir
Íris Svavarsdóttir	Stefán Pálsson



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

Nefndin hefur haldið fræðslukvöld um mótahald annað hvert ár fyrir stjórnarfólk, foreldra og aðra áhugasama. Þetta er þó hópur sem gaman væri að sinna enn frekar með fræðslu af ýmsu tagi.

Fyrir hönd fræðslunefndar FSÍ
Guðmundur Þór Brynjólfsson

7. Skýrsla nefndar um fimleika fyrir alla

Á ársþingi Fimleikasambands Íslands 2013 voru eftirtaldir skipaðir/kosnir í nefndina:

Hlíf Þorgeirsdóttir formaður, Guðrún Tryggvadóttir varaformaður/ritari, Sæunn Viggósdóttir
Helga Bára Bartels, Óli Geir Jóhannesson

Við í FFA höfum nú síðasta árið unnið aðalega að skipulagningu EUROGYM, Golden Age, FIMLEIKALÍFI og Gymnaeströdu.

European Choreo- Camp (ECC)

Í júní 2013 fóru 2 íslenskir þátttakendur á European Choreo- Camp (ECC) sem haldið er á vegum UEG annað hvert ár. Valdís Halla Friðjónsdóttir og Sæunn Viggósdóttir þjálfarar úr Ármanni voru fulltrúar okkar og lærðu heilmikið um skapandi vinnu inni í fimleikasal sem og hvernig eigi að semja og útfæra fimleikaatriði (prógram) fyrir sýningar eða keppni. Þetta námskeið nýtist félögum vel og viljum við benda á að öll félög geta sótt um að senda þjálfara. Næsta námskeið hjá UEG verður 2015 og verður auglýst síðar.

EUROGYM (EG)

Nú í sumar fer 420 manna hópur frá 9 aðildarfélögum á EUROGYM í Helsingborg í Svíþjóð. Iðkendurnir koma frá Ármanni, FIMAK, Fjölni, Fylki, Gerplu, Gróttu, Keflavík, Selfoss og Stjörnunni. Þetta er stærsti hópur sem FSÍ hefur nokkurn tíman sent frá sér á erlenda grundu og að okkur skilst stærsti hópur sem farið hefur frá ÍSÍ. FFA hefur valið hóp frá Fjölni til að verða okkar fulltrúar á Gala sýningu UEG.

Það er því mikill undirbúningur fyrir svo stóran hóp og vonumst við til að þessir hópar skemmti sér vel og verði Íslandi og FSÍ til sóma eins og verið hefur síðastliðin ár.

Svíar hafa verið sveittir við að skipuleggja EUROGYM fimleikahátíðina og European Gym for Youth Challenge síðustu 2 ár en um 5000 ungmenni víðs vegar frá Evrópu verða þar saman komin til að sýna fimleika og taka þátt í vinnubúðum.

Sýning með EUROGYM förum verður haldin í lok júní eða byrjun júlí og hvetjum við alla til að koma og horfa á.

European Gym for Youth Challenge (EGFY)



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

Daginn fyrir EUROGYM í Helsingborg eða þann 12. júlí verður einnig haldið European Gym for Youth Challenge (Test event). Þetta er sama form og World Gym for Life Challenge sem FIG heldur á 4ra ára fresti, og FIMLEIKALÍF sem FSÍ heldur. Tvö lið eru skráð frá Íslandi en það er lið frá Fjölni og Ármanni og óskum við þeim góðs gengis.

Golden Age (GA)

Golden Age (fimleikahátíð fyrir 50 ára og eldri) verður haldin í Toulouse í Frakklandi nú í haust. Nefnd FFA hefur reynt mikið til að ná saman hóp til ferðarinnar en ekki tekist. Okkur þykir það miður því Ísland hefur tekið þátt í Golden Age frá byrjun. Við vonumst til að fara með stóran hóp á GA í Portoroze Slovaníu árið 2016.

Gymnaestrada

Gymnaestrada verður haldin sumarið 2015 í Helsinki í Finnlandi. Þangað mætir fimleikafólk allstaðar að úr heiminum og sýnir fimleika. Áætlað er að þátttakendur verði svipað margir og undanfarnar Gymnaeströdur eða um 25.000 mans. Við ætlum okkur að taka þar þátt með hóp en skráning á Gymnaeströðu er nú í júní.

FIMLEIKALÍF

Nefnd FFA hefur undanfarin ár reynt að koma á fót nýrri sýningarkeppni FIMLEIKALÍF brösulega gekk það fyrstu árin vegna ónægrar þátttöku. Þann 1. maí 2013 héldum við fyrstu FIMLEIKALÍF sýningarkeppnina fyrir fullu húsi áhorfenda í Íþróttahúsi Fjölnis. Sýningarkeppnin var mjög skemmtileg og frábært var að sjá hversu breitt aldursbilið var á þátttakendum en þeir voru líklega frá 9 ára aldri og upp í 80+ ára, þar voru líka mættir 2 stórir drengjahópar sem við vorum mjög ánægð með.

Nú í ár skráðu sig til keppni einungis 3 lið. Það er okkur í nefndinni ómögulegt að skilja hversvegna ekki fleiri lið skráðu sig til þátttöku því mikil ánægja var með FIMLEIKALÍF í fyrra. Það fékk nefndin FFA í það minnsta að heyra bæði frá foreldrum barnanna sem tóku þátt sem og frá þjálfurum sem þökkðu fyrir tækifærið að fá að taka þátt í einhverjum viðburði á vegum FSÍ með hópana sína.

FFA vill þakka sérstaklega þeim félögum (Fjölni, Hamar og FIMAK) sem skráðu sig en við viljum hins vegar hvetja önnur til að vera með í Fimleikalífi á næsta ári (Við gefumst ekki upp).

Hugleiðing

Það góða við **Fimleika fyrir Alla** er að þeir eru fyrir ALLA☺.

Við hér á Íslandi erum ekki alveg komin jafnt langt eins og sumar nágrannabjóðir okkar þar sem hefðin fyrir **Fimleikum fyrir Alla** er mikil. Við erum samt komin lengra en margar aðrar bjóðir í heiminum og getum og höfum miðlað þekkingu til þeirra.

Við getum þó alltaf gert betur og til þess þurfum við sem hreyfing að vinna betur saman að uppbyggingu fimleika um allt land. Hreyfingin okkar nálgast nú 10.000 manns ef hún hefur ekki náð



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

Þeirri tölu nú þegar. Ég held að ef við skoðuðum aldur iðkennda þá sjáum við að iðkendur byrja tiltölulega ungir kannski 3-4 ára og halda áfram þangað til þeir eru ca 20-25 ára. Þannig að þegar þú hefur náð ca. 25 ára aldri þá er ekki mikið í boði hjá félögunum. Sum félög hafa að vísu verið að bjóða upp á fullorðinsfimleika en það virðist samt oft vera frekar eins og námskeið þar sem þú hoppar inn einn mánuð og út þann næsta. Þarna á þessum tímapunkti missa félögin út fullt af fólki (og tekjum) sem hefur bæði mikla þekkingu og hefur enn getu til að stunda fimleika áfram. Fimleikar eru jú fyrir alla óháð aldri, kyni og öðru. Félögin geta auðveldlega haldið uppi stórum hópi af iðkendum sem stunda fullorðinsfimleika (þrek og stökk) og eða sýningarfimleika (dansleikfimi). Með þessu móti ef við getum haldið í okkar iðkenndur lengur þá höldum við þeim kannski fram á elliárin þ.e. til sjötugs eða átt-, eða jafnvel fram á níræðisaldurinn. Hversvegna látum við líkamsræktarstöðvarnar og smærri félög krækja í okkar fólk? Ekki það að þau eru frábær og eru að gera góða hluti fyrir þennan aldurshóp en það er eitthvað sem við hjá félögunum gætum verið að gera og byggt upp okkar kjarna. Meira fólk í félögin = meiri peningur til FSÍ/félaganna.

Það er mikil uppbygging í Fimleikum fyrir Alla bæði á vegum Fimleikasambands Evrópu (UEG) og Alþjóða fimleikasambandsins (FIG). Fimleikasamband Íslands (FSÍ) er þar enginn eftirbátur en samt vantar svolítið upp á að félögin gefi sínum iðkendum tækifæri á því að taka þátt í fimleikum eftir að vissum aldri er náð. Mörg félög segja líklega að þau hafi ekki pláss í húsum sínum fyrir fleiri iðkendur en ég vil ekki trúa því að æfing með t.d. sýningarhóp (dansleikfimi) taki mikið frá yngri hópunum. Æfing 1x í viku og iðkendur þurfa ekki einu sinni áhöld bara íþróttagólf til að æfa á. Þetta er upplagt fyrir t.d. landsbyggðarfélögin sem ekki hafa áhöld. Eldri borgarar geta flestir æft á morgnanna eða um hádegi og kippa sér ekkert upp við það að þurfa að deila húsi með grunnskólanum. Þetta á ekki að vera vandamál ef vilji er fyrir hendi þá er allt hægt.

Við höfum frábæra vettvanga fyrir þessa hópa til að stefna að bæði hér heima og svo allar þær frábæru fimleikahátíðir sem í boði eru víðs vegar um heiminn.

Það er mikil upplifun að taka þátt á hátíðum sem þessum hvort sem þú ert 9 eða 79 ára þar sem fimleikar og félagslegi þátturinn er í hávegum hafður.

Við erum rúmlega 9-10.000 þúsund manna hreyfing við gætum auðveldlega verið 15.-20.000 ef við viljum.

Fimleikar eru fyrir alla og það sem FSÍ, UEG og FIG eru að bjóða upp á er góður vettvangur fyrir þann hóp sem ekki fær að blómstra á FSÍ eða erlendum mótum í áhalda eða hóp fimleikum.

Það er margt í boði fyrir allan aldur og því undir félögunum komið að huga meira að grasrótinni, fjöldanum og þeim iðkendum sem þau missa út úr félögunum ár hvert. Við erum tilbúin að aðstoða ykkur og bíðum nú eftir að forsvarsmenn félaganna taki sé tak og hafi samband.

Með fimleika kveðju

Hlíf Þorgeirsdóttir



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

7.1 Skýrsla Hlífar Þorgeirsdóttir UEG-TC-GfA

8. Reykjavík maí 2014

Vinnan við Almennu fimleikanefndina hjá UEG (TC-GFA- UEG) hefur verið mikil og lærdómsrík frá því að ég var kosin inn í hana í Ísrael árið 2009.

Á síðasta þingi sem haldið var í Portoroze í Slóvaníu í desember 2013 var ég endurkosin til næstu fjögurra ára. Nefndin breyttist lítillega en nefndina skipa:

Nöfn nefndarmanna	Hlutverk/Umsjón
Alberto Claudino (POR)	Formaður
Hlíf Þorgeirsdóttir	Varaform. Golden Age, Gym For Youth Challenge
Maria Stahl (SWE)	Education, Coreo-camp
Heidi Marie Taksdal (NOR)	EUROGYM, Communication
Regina Beeler (SVI)	Golden Age, new projects
Ilse Arys (BEL)	EUROGYM, new projects
Kamil Skwarczyński (POL)	Communication, Education

Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að hafa yfirumsjón og skipuleggja EUROGYM, GoldenAge, European Gym for Youth Challenge, halda Chore-camp námskeið og að breiða út almenna fimleika.

Nefndinn skipti með sér verkum strax í byrjun febrúar 2014 á fyrsta fundi í Portúgal. [Kirsi Erofejeff-Engman](#) framkvæmdastjóri UEG sat fundinn með okkur. Vinna hélt áfram að skipurlagi hátíðanna sem við sjáum um og verða þrjár þeirra nú á þessu ári 2014. Nefndin hefur unnið mikla vinnu við uppbyggingu og fræðslu og verður framhald á því.

Mikil vinna og fundir fara í það að undirbúa hátíðirnar okkar og verður sú vinna engu minni á næstu fjórum árum, jafnvel meiri. Löndin sem ætla að halda EUROGYM, Gym for Youth Challenge og Golden Age á næstu árum eru ekki svo reyndar þjóðir í Fimleikum fyrir Alla en það eru Tékkland og Slóvenía og þurfa þær því á okkar stuðning meira að halda en til dæmis Svíðþjóð sem heldur EUROGYM í sumar.

Næstu vikur og mánuði er svo áframhaldandi vinna við skipulagningu EUROGYM og Gym for Youth Challenge í Helsingborg Svíþjóð í sumar og Golden Age í Toulouse Frakklandi sem haldin verður haustið 2014. Skipulagning er á lokastigi og allt lítur út fyrir að vera að smella saman.

Kóreografráunámskeið sem halda á fyrir Evrópska þjálfara 2015 er einnig í undirbúningi.

Nefndin TC-GFA-UEG erum að vinna við að skrifa og gefa út bók/netbók um kóreografíu sem vonandi kemur út fyrr en síðar. Engin slík bók hefur áður verið gefin út í Evrópu og teljum við að slík bók gæti hjálpað til við að uppbyggingu fimleika og þá sérstaklega fyrir litlu/smærri félögin. Það er



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

mikil vinna við gerð bókar en ég ásamt öðrum einstaklingum (choreographers in Europe) höfum skrifað okkar kafla og svo erum við að setja þá saman og lesa yfir.

TC-GFA-UEG ætlum að vera með nýtt form af sýningarkeppni daginn fyrir EUROGYM 2014 sem kalla á GYM FOR YOUTH CHALLENGE (Test event). Þetta verður eins dags sýningarkeppni þar sem Evrópulöndin geta komið og keppt með sín atriði. Ég (Hlíf) og Maria Sthal sjáum um þá keppni sem verður í Helsingborg Svíþjóð 2014. Skráning er góð og sænska fimleikasambandið er spennt að fá að móta þessa sýningarkeppni með okkur.

Við komum til með að funda nokkrum sinnum á tímabilinu með formanni UEG Georges Gulzec, varaformanni Ruedi Hediger og framkvæmdastjóra UEG Kirsí Erofejeff-Engman. UEG nefndin mun einnig funda með FIG Alþjóðanefndinni í almennum fimleikum TC-GFA-FIG á þessu ári.

Ég var send af Evrópusambandinu á FIG Colloquium sem haldið var í Florida nú í mars. Þar var ég með stuttan fyrirlestur um Fimleika fyrir Alla og kynnti fyrir ráðstefnunni hvað við í UEG erum að gera. Ég sat einnig fund með Margreta Sikkens formanni FIG-TC-GFA- og öðrum formönnum eða varaformönnum heimsálfanna. Þar lagði ég fram tillögu sem var samþykkt um að nefndir álfanna reyndu að vinna meira saman. Við erum öll að berjast við sömu hlutina og getum lært mikið hvert af öðru. Nefndirnar UEG og FIG hafa reynt að vinna saman undanfarin ár og er planið að reyna að koma að enn meiri samvinnu á milli okkar. Fyrsti fundur formanna heimsálfanna verður líklega í mars á næsta ári og er það til góðs fyrir alla.

Það sem af er ári hef ég farið á fimm fundi, tvo UEG nefndarfundir í Svíþjóð og Portúgal, 3 Task – force fundir í Frakklandi og Slóvaníu (en þeir fundir eru borgaðir af löndunum sem halda hátíðirnar) og síðan FIG fundinn í Florida (sem UEG borgaði).

Heimavinna hefur líka verið talsverð, símafundir, reglugerðir, skipulagning, yfirlit og skrif fyrir bókina okkar og fl.

Framundan eru EUROGYM og Gym for Youth Challenge í júlí og Golden Age í lok september. Nefndin mun líka halda sinn þriðja fund í haust.

Í ágúst mun ég svo halda námskeið í Malasíu fyrir GFA þjálfara í Asíu ásamt **Tatsuo Araki** frá Japan og meðlim FIG nefndarinnar. Þetta er efni sem ég setti saman fyrir UEG og hef kennt á okkar námskeiðum.

Það er mjög gaman og fræðandi að taka þátt í nefndarstarfi hjá UEG og langar mig að bjóða Sólveigu Jónsdóttur velkomna í hópinn, en hún var kosin inn á síðasta þingi í hóp fimleikanefnd UEG. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir okkur (Ísland) að gefa af okkur, við eigum ekki alltaf bara að byggja. Ávinningur af setu okkar í nefndum er mikill. Við höfum margt fram að færa en þekking og reynsla sem við græðum og miðlum svo til sambandssins er að mínu mati ómetanleg. Formaður UEG talaði um á síðasta UEG þingi að Fimleikar fyrir Alla væru grasrótin að góðum árangri í öðrum greinum fimleika. Allt helst þetta í hendur og er svipað allsstaðar í heiminum. Ef við viljum halda áfram að blómstra þá er það hlutverk okkar í hreyfingunni að virkja og hlúa að grasrótinni.

Áfram íslenskir fimleikar



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

Fimleikakveðja Hlíf Þorgeirsdóttir

EUROGYM er evrópsk fimleikahátíð fyrir ungmenni, á aldrinum 12-20 ára. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Hátíðin hefst á opnunarhátíð. Svo taka við vinnubúðir á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Eurogym er svo Galasýning þar sem bestu atriði hvers lands sýna, auk þess velur UEG nokkur atriði sem þykja framúrskarandi. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem partý, karóíkí, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. EUROGYM er haldið annað hvert ár og verður næsta hátíð haldin í Helsingborg í Svíþjóð, sumarið 2014. Öllum fimleikafélögum í Evrópu er velkominn að taka þátt í EUROGYM. Ísland hefur tekið þátt í EUROGYM frá byrjun eða alls átta sinnum.

GOLDEN AGE er evrópsk fimleikahátíð fyrir 50 ára og eldri. Evrópskafimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Hátíðin hefst á opnunarhátíð en svo taka við vinnubúðir, ýmis fræðsla á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Golden Age er svo Galasýning þar sem bestu atriði hvers lands sýna, auk þess velur UEG nokkur atriði sem þykja framúrskarandi. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem fræðsla, danspartý, karóíkí, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. GOLDEN AGE er haldin annað hvert ár, að hausti til, og verður næsta hátíð haldin í Toulouse í Frakklandi, haustið 2014. Ísland hefur tekið þátt í Golden Age frá upphafi eða alls fjórum sinnum.

Chore-camp er námskeið á vegum Evrópska Fimleikasambandsins (UEG) og er ætlað þjálfurum frá Evrópu. Choreo-camp er einn liður í því að bæta sýningaratriði um alla Evrópu. Farið er yfir samsetningu sýningaratriða og þjálfurum veitt aðstoð við að gera kraftmikil og áhugaverð sýningaratriði. Námskeiðinu er skipt upp í tvo hópa, fyrir byrjendur og fyrir þjálfara sem hafa nokkra eða mikla reynslu. Choreo-camp verður næst haldið í Helsingborg í Svíþjóð í lok júní 2013 (löng helgi).

EUROPEAN GYM FOR YOUTH CHALLENGE er sýningakeppni, sem er ný af nálinni. "Test event", eða tilraunakeppni verður haldin í Helsingborg í Svíþjóð, daginn fyrir EUROGYM, árið 2014. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa sýningakeppni. Sýningakeppnin er opin öllum fimleikafélögum. Keppt verður í nokkrum flokkum. Ef vel tekst til með þessa "reynslu" sýningakeppni mun hún festa sig í sessi og líklega verða haldin annað hvert ár.

9. Skýrsla tækninefndar kvenna í áhaldafimleikum

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd kvenna á síðasta starfsári;

Auður Ólafsdóttir

Ritari

Florin Paun

Meðstjórnandi



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

Halla Karí Hjaltested	Formaður
Hildur Ketilsdóttir	Meðstjórnandi
Hlín Bjarnadóttir	Varaformaður
<u>Nicoleta Cristina Branzai</u>	Meðstjórnandi
Sandra Matthíasdóttir	Meðstjórnandi
Tinna Rut Traustadóttir	Meðstjórnandi

Nefndarstörf

Í upphafi tímabilsins var haldin samráðsfundur með félögum þar sem farið var yfir þá starfsemi sem var framundan hjá Fimleikasambandinu. Á þeim fundi kynnti nefndin Íslenska fimleikastigann, kröfur móta og annað sem tengist mótahaldi og annari faglegri vinnu áhaldafimleika. Ég held að flestir geti verið sammála um að þessi fundur hafi reynst vel bæði fyrir nefndir, félög og skrifstofu og við teljum mikilvægt að svipaður fundur sé haldinn ár hvert áður en mótahald hefst. TKV sinnti hinum ýmsu störfum í vetur og hélt rúmlega tólf fundi á starfstímabilinu. Helstu verkefni voru, Íslenski fimleikastiginn, kröfur móta, uppsetning á mótum og niðurröðun dómara. Einnig var stigameistari krýndur í fyrsta skipti og hélt nefndin utanum þá vinnu ásamt því að ákvarða stig fyrir þrepi náð í fimleikastiganum. Á árinu héldu TKV og TK sameiginlegan fund til þess að fara yfir ákveðin atriði sem tengdust starfsemi nefndanna, félaga og Fimleikasambandsins og var sá fundur góður og náðum við að samræma mikilvæga þætti. Formaður og varaformaður hafa setið fundi stjórnar FSÍ og sjáum við enn betur hversu mikilvægt það er að hafa fulltrúa frá öllum nefndum á þeim fundum. Við höfum lagt mikila áherslu á að vera í góðum samskiptum við starfsfólk og stjórn FSÍ og nefndarmenn unnu náið með skrifstofu á meðan keppnistímabil stóð yfir. Ef horft er yfir síðastliðna mánuði þá teljum við okkur hafa haft góða yfirsýn yfir áhaldafimleika kvenna í vetur og sjáum fram á áframhaldandi uppbyggingu og fjölgun á næstu árum.

Íslenski fimleikastiginn

Fimleikastigi FSÍ kom fyrst út árið 1985 og hefur síðan verið gefinn út á fjögurra ára fresti í byrjun nýs Ólympíuhrings samhliða útgáfu nýrra reglna FIG, Code of Points. Áttunda útgáfa Íslenska fimleikastigans, dómarabók, var formlega tekin í notkun á Haustmóti í þrepum í október 2013. Vinnuhópur TKV hóf störf í janúar 2013. Hann skipuðu Auður Ólafsdóttir, Hlín Bjarnadóttir, Sandra Dögg Árnadóttir og Sandra Matthíasdóttir. Berglind Pétursdóttir og Hlín Bjarnadóttir sömdu neðri þrep á slá og gólfi og forsamdar kóreógrafíu á slá. TKV sá um yfirlestur og samræmingu. Í upphafi var



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

óskað eftir hugmyndum frá þjálfurum, dómurum og áhugafólki um áhaldafimleika kvenna. Í framhaldi var haldinn opinn fundur í maí til kynningar á þeirri vinnu sem þá lá fyrir, tillögu að átta eða níu þrepa kerfi. Pungi vinnunnar var frá maí til mið október þar sem unnið var að þróun, uppbyggingu á innihaldi og æfingavali á hverju getustigi. Skylduæfingar í 6., 7., og 8. þrepi samdar sem og forsamin kóreógrafía í 3., 4., og 5. þrepi á jafnvægisslá. Dómarabókin inniheldur uppbyggingu og matskerfi á öllum getustigum þar með talið nýtt matskerfi hannað sérstaklega fyrir tvö neðstu þrepin. Kynningafundur fyrir þjálfara og dómara voru haldnir í ÍSÍ þann 14. September og 10. Október 2013 og var góð mæting á báðum fundi. TKV fór á tveimur fundum í ágúst og október sl. Yfir uppbyggingu og innihald. Í október kom út myndræn útgáfa af neðri þrepum á slá og gólfi sem og forsamdar hreyfingar á slá. Vinnuhópurinn á eftir að að klára myndræna útgáfu fimleikastigans í heild sinni svo að efnið verði bæði aðgengilegt og sýnilegt. Í júní 2014 verður dómarabókin endurmetin með tilliti til hvernig gekk í vetur og hugsanlega gerðar einstaka breytingar. Einnig á eftir að fara yfir heildarkostnað við gerð stigans.

Íslenski fimleikastiginn er nú byggður upp á 8. þrepum til æfinga og keppni í fimleikum, 1.- 5. þrep eru ætluð til keppni á mótum FSÍ. 6. þrep er ætlað til keppni á innanfélags-, vina- og boðsmótum. 7. Og 8. þrep eru ætluð til notkunar innanfélaga sem grunnviðmið og stýrikerfi fyrir þá iðkendur sem eru að stíga sín fyrstu spor í fimleikum, byrjendur og styttra komnir framhaldshópar, óháð aldri eða fyrir iðkendur 6 ára og eldri. Tvö neðstu þrepin eru nýjung í stiganum og er stigagjöf mat á hreyfifærni í fimleikum. Matskerfið er einfalt frá 1.0 – 7.0 stigum sem var hannað sérstaklega fyrir þessa útgáfu. Í 1.- 6. þrepi byggist dómgæslan á hefðbundnu matskerfi áhaldafimleika þar sem sérreglur stigans gilda á hverju getustigi, dómarabók FIG 2013 – 2016 og dómarabók FSÍ frá janúar 2013 gilda þar samhliða varðandi almenna uppbyggingu á reglum í dómgæslu. 1.og 2. þrep eru léttar frjálsar æfingar með fimm sérkröfum og bónusum á slá. 3., 4., og 5., þrep eru skylduæfingar með vali og forsamin kóreógrafía gerð í æfingum á jafnvægisslá og 6., 7., og 8. þrep eru skylduæfingar með kóreógrafía á jafnvægisslá og á gólfi. TKV þakkar öllum þeim aðilum sem komu að gerð Fimleikastigans.

Innlend mót

Mótahald í vetur var þétt líkt og síðastaliðin ár. Á haustmánuðum fóru fram tvö mót þar sem bæði var keppt í þrepum og frjálsum æfingum. Fljótlega eftir áramót hófst keppni í fimleikastiganum og var gríðarlega gaman að sjá þann fjölda sem sótti þau mót. En það skýrist að hluta til af þeim breytinum sem gerðar voru á kröfum móta en opnað var fyrir fleiri lið til þátttöku á bikarmóti. Liðinu voru einnig stækkuð sem gerði það að verkum að fleiri höfðu tækifæri til þess að ná sínu



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

fimleikabætur og fengu þar af leiðandi þátttökurétt á Íslandsmóti í þrepum. Keppni í frjálsum æfingum var spennandi og mjög skemmtilegt að sjá fjölgun keppenda í unglinga- og fullorðinsflokki. Ýmis millifélagamót voru haldin á keppnistímabilinu og TKV vill koma fram þakklæti til þeirra félaga sem stóðu fyrir þessum mótum. Mikilvægt er að allir iðkendur fái tækifæri til þess að keppa og sýna sinn árangur reglulega.

Félögum viljum við þakka fyrir glæsilega umgjörð móta og það góða samstarf á tímabilinu.

Landsliðsmál

Á undanförunum misserum hefur farið mikill tími í að setja á laggirnar verkferla landsliðsmála í kjölfar ráðninga landsliðsþjálfara og sviðstjóra landsliðsmála. TKV koma á sl. Tímabili fram með tillögu að verkferlum við val í landslið en var þeim tillögum nefndarinnar hafnað.

Lending í málinu á sl. Tímabili var að landsliðsþjálfarar í samráði við undirnefnd TKV valdi liðið þar sem meðlimir TKV voru þeir aðilar sem fóru yfir valið og gátu komið með athugasemdir áður en það var birt stjórn sem og opinberlega. Huga þarf að því hvaða verkferlar séu bestir í framtíðinni en ljóst er að bæði landsliðsþjálfarar og tækninefnd, öll eða að hluta til, þarf að koma að faglegu vali á landsliðsins þar sem horft er til getu og árangurs keppenda með gleraugum þjálfarans og dómarans sérstaklega þar sem að í fimleikum eru það stigin sem telja að lokum bæði fyrir liðið og einstaklinga þess. Það hefur verið mikið gleðiefni fyrir íslenska áhaldafimleika að keppendur í landsliði komi nú í mörgum verkefnum úr fleiri félögum en í gegnum tíðina og meiri keppni hefur verið að komast í liðið en oft áður. Er það von okkar í TKV að svo verði áfram.

Árangur landsliðsins í áhaldafimleikum kvenna hefur verið á margan hátt góður og jákvæður. Fyrsta mót á sl. Starfstímabili voru Smáþjóðaleikar þar sem kvennaliðið náðu frábærum árangri og sigraði mótið, Dominiqua Alma Belanyi vann glæsilega sigra í fjölþraut, á einstökum áhöldum sigraði hún á tvíslá og gólfi og varð í 3. Sæti á jafnvægisslá. Þessi árangur hennar sem og góður árangur á EM 2013 gerði hana að fimleikakonu ársins. Thelma Rut Hermannsdóttir var á Smáþjóðaleikum í þriðja sæti í fjölþraut og á tvíslá, Norma Dögg Róbertsdóttir sigraði í keppni á stökki og varð í 3. Sæti á jafnvægisslá, Hildur Ólafsdóttir varð í 3. Sæti á stökki. Á Norðurlandamóti unglinga í Noregi vor 2013 var lið Íslands í 4. Sæti, Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir var í 3. Sæti á gólfi, hún keppti í úrslitum á stökki og Kristjana Ýr Kristinsdóttir á tvíslá. Þrír keppendur kepptu á júlí á EYOF í Hollandi. Í október fóru þrír keppendur á HM í Belgíu þar sem Norma Dögg Róbertsdóttir náði 36. Sæti á stökki. Á NEM haldið á Norður-Írlandi áttum við keppendur í úrslitum á öllum áhöldum og varð liðið í fjórða sæti. Í mars 2014 fóru fjórar stúlkur á heimsbikarmót í Cottbus Þýskalandi og var Norma Dögg aðeins 0.2



Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands 2013

stigum frá því að komast í úrslit. Í apríl 2014 var í fyrsta skiptið haldið Norðurlandamót unglinga og fullorðinna á sama tíma og gekk það fyrirkomulag vel og er fyrirhugað annað hvert ár í framtíðinni. Árangur í liðakeppni fullorðinna var góður þar sem liðið náði 3. Sæti, við áttum keppendur í úrslitum á öllum áhöldum og Norma Dögg var í 2. Sæti á stökki, 0.2 stigum frá gullinu að þessu sinni. Unglingaliðið varð í 4. Sæti og áttum við keppendur í úrslitum á stökki og gólfi. Á EM í maí voru send bæði lið unglinga og fullorðna sem stóðu sig með þryði og fengu góða keppnisreynslu. Annað árið í röð náði Norma Dögg 11. Sæti og var varamaður í úrslit og Sigríður Hrönn var í 12. Sæti sem er frábær árangur hjá þeim og íslenskar fimleikakonur vöktu athygli fyrir framfarir sínar hvað erfiðleika varðar. Það er ljóst að mörg verkefni gefa fleirum tækifæri til að keppa á alþjóða vettvangi og öðlast góða keppnisreynslu í keppni meðal jafningja og á meðal þeirra bestu á stærri mótum. TKV þakkar landsliðs- og félagsþjálfurum fyrir sín störf, dómurum sem komu að landsliðsæfingum og sviðstjóra landsliðsmála fyrir samstarfið.

Tokyo 2020 – Landsliðshópar í áhaldafimleikum

